ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 207/2024 **2024/EES/92/26**

frá 23. september 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/247 frá 16. janúar 2024 um að samþykkja þrívetnispentakalíumdí(peroxómónósúlfat)dí(súlfat) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([1]).

2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzzzx (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1285) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzzzzy. **32024 R 0247**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/247 frá 16. janúar 2024 um að samþykkja þrívetnispentakalíumdí(peroxómónósúlfat)dí(súlfat) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L, 2024/247, 17.1.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/247, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

([1]) Stjtíð. ESB L, 2024/247, 17.1.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/247/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.